

# Æfingin skapar meistarann

Þjálfunarefni í lesfimi  
fyrir mið- og unglíngastig



Textar úr  
**15 svakalegir sjóræningjar**

Illugi Jökulsson



MENNTAMÁLASTOFNUN

# Lestrarráð

## Um leshraða

Hæfilegur leshraði, sem birtist **1** í áreynslulausum lestri, er mikilvægur fyrir lesskilninginn. Ef þú þarft ekki að hugsa mikið um lesturinn sjálfan getur þú einbeitt þér að merkingu textans. Þess vegna skiptir lesfimiþjálfun máli.



## Um lestrarnákvæmni

Gott er að hafa fingur eða blýant undir texta þegar lesið er vegna þess að það:

- Eykur nákvæmni við lestur, **2**
- tryggir betra flæði,
- hjálpar þér að fara ekki línuvillt,
- og tryggir réttan skilning á texta.

## Undirbúningur undir lestur

Það er alltaf gott að renna yfir **3** texta og athuga hvort hann innihaldi löng eða erlend orð sem þú þarft að æfa sérstaklega. Það er einnig gott að nota fyrirsagnir til að spá fyrir um innihaldið því þá getur þú notað það sem þú veist þegar um efnið til að skilja textann.

## Um ný orð

Góðir lesarar eru alltaf vakandi **4** fyrir nýjum orðum og eru duglegir að spyrja um merkingu orða sem þeir þekkja ekki. Hvert nýtt orð sem þú lærir hjálpar þér að skilja heiminn betur.

## Um jákvætt hugarfar

Gott læsi er mikilvægt fyrir **5** velgengni í lífinu. Þess vegna skaltu hafa jákvætt viðhorf til lestrar og ávallt leggja þig fram í þjálfuninni.

# Æfingin skapar meistarann – Skráning

Skipti	Dagsetning	Tímataka 1 orð 1	Tímataka 2 orð 2	Tímataka 3 orð 3	Lestrarþjálfari	Skóli
1						
2						
3						
4						
5						

6						
7						
8						
9						
10						

11						
12						
13						
14						
15						

16						
17						
18						
19						
20						



## Francis Drake 1

Francis Drake var álitinn hetja af Englendingum og Elísabet I	10
Englandsdrottning sló hann til riddara. En í augum Spánverja var hann	21
ómerkilegur skúrkur enda urðu þeir mest fyrir barðinu á honum. Drake	32
fæddist um 1540 og fór ungur á sjó. Hann var duglegur og metnaðargjarn	45
og hélt til Karíbahafsins þar sem ýmis tækifæri gáfust fyrir unga menn.	57
Spánverjar höfðu náð afgerandi forystu í að nema hin nýju lönd í Mið- og	71
Suður-Ameríku sem fundust höfðu í kjölfar landafunda Kólumbusar 1493.	80
Englendingar voru áratugum saman í nær stöðugu stríði við Spánverja og	91
þá taldist enskum sjómönnum heimilt að ræna spænsk skip og stöðva hvar	103
sem var í heiminum. Rúmlega þrítugur stýrði Drake leiðangri tveggja lítilla	114
skipa til Panama þar sem Spánverjar höfðu aðsetur. Þar rændu hann og	126
menn hans, eftir mikil ævintýri, heilmiklu gulli sem Spánverjar voru þá að	138
flytja frá Perú og átti að senda til Spánar. Leiðangurinn vakti athygli	150
Elísabetar Englandsdrottningar og hún sendi nú Drake með nokkur skip til	161
að herja á Spánverja á Kyrrahafi. Úr því varð leiðangur kringum hnöttinn	173
1577-1580.	



1. Frá hvaða landi var Francis Drake?
2. Hvert var upphaflega erindið sem endaði með hnattferð?

## Francis Drake 2

Upphaflega hafði Drake fimm skip en aðeins eitt komst alla leið. Á leiðinni	13
hertók Drake tvö spænsk kaupskip full af fjársjóðum og þegar hann sneri	25
loks aftur til Bretlands var honum fagnað bæði af drottningu og alþýðu.	37
Hann var sleginn til riddara og fékk sæti á breska þinginu. Eina skipið úr	51
leiðangri Drakes kringum hnöttinn sem komst alla leið hét upphaflega	61
Pelican en hann skírði það upp á nýtt og kallaði það Gullnu hindina. Þetta	75
var lítið skip, innan við hundrað tonn, en lipurt og hættulegt vopn í höndum	89
vel þjálfðra sjómanna. Utan við strönd Ekvador réðst Gullna hindin að	100
töluvert stærra spænsku herskipi og knúði það til uppgjafar eftir snarpa	111
viðureign. Um borð í spænska skipinu var mesti einstaki fengur sem	122
sjóræningjar höfðu náð fram að þessu; gull að verðmæti yfir þrjú hundruð	134
og sextíu þúsund spænskir pesóar. Árið 1585 var Drake sendur í annan	146
leiðangur þar sem hann réðst á spænskar stöðvar bæði á Spáni og á	159
Grænhöfðaeyjum og svo loks hér og hvar í Karíbahafinu. Eftir árs leiðangur	171
sneri hann heim og var nú fagnað enn betur en áður.	



1. Hvað kom Drake mörgum skipum kringum hnöttinn?
2. Hvað var merkilegt við fjársjóðinn sem Drake náði af spænska herskipinu við Ekvador?

## Francis Drake 3

Spánverjar voru ráðnir í að hefna sín og söfnuðu saman miklum skipaflota	12
til að gera innrás á England. Drake réðst til atlögu við spænska flotann	25
í Cadiz á Spáni 1587 og eyðilagði svo mörg skip að innrásinni var seinkað um	40
heilt ár. Þegar árás Spánverja hófst 1588 höfðu þeir svo mörg skip að talað	54
var um flotann ósigrandi. En Drake átti ríkan þátt í að sigra þennan flota.	68
Hann hertók spænskt skip sem flutti gríðarlegt fé og síðan sendi hann	80
logandi skip inn í höfnina í Calais þar sem spænski flotinn hafði safnast	93
saman. Skipulag Spánverja fór út um þúfur og floti Englendinga hrakti skip	105
þeirra á flóttu og fjöldi þeirra fórst. Flotinn ósigrandi hafði því beðið	117
háðulegan ósigur. Miðað við glæstan feril Drakes fram að þessu biðu hans	129
vonbrigði næstu árin. Hann stýrði ýmsum leiðongrum gegn Spánverjum	138
bæði til Asoreyja og í Karíbahafi og Mið-Ameríku, en þeir fóru út um þúfur	152
og margir þeirra enduðu illa. Í síðasta leiðangrinum dó Drake, enn aðeins	164
fimmtíu og fimm ára gamall. Spánverjar hrósuðu happi yfir að þessi	175
sjóræningi yrði þeim ekki lengur óþægur ljár í þúfu en Englendingar höfðu	187
misst helstu hetju sína.	



1. Hvers vegna var talað um flotann ósigrandi hjá Spánverjum?
2. Hvernig tókst Drake að sigra þennan ósigrandi flota?

## Anne Bonny og Calico Jack 1

Anne Bonny var fræg fyrir sitt mikla rauða hár. Hún fæddist á Írlandi um 14  
1700. Faðir hennar var lögmaður sem fluttist til Ameríku og varð vel stæður 27  
kaupsýslumaður í Charleston í bresku nýlendunni Karólínu. Anne var hins 37  
vegar mjög skapstór og óstýrilát. Hún stakk til dæmis þjónustustúlku með 48  
eldhúshníf þegar hún var aðeins þrettán ára og stakk að lokum af og gekk 62  
að eiga minni háttar sjóræningja að nafni James Bonny. Þá afneitaði faðir 74  
hennar henni. Bonny og Anne lögðust út og héldu til á New Providence- 87  
eyju, sem er ein Bahamaeyja. Þar kom að Anne varð ástfangin af öðrum 99  
sjóræningja, Calico Jack. Þá sagði hún skilið við Bonny en gekk að eiga Jack. 113  
Þau eignuðust son sem ekki er vitað hvað varð um. Anne og Jack rændu 127  
skipi í Nassau ásamt Mary Read síðsumars 1720. 135

Anne gekk ekki síður hart fram en karlmennirnir meðal sjóræningjanna 145  
og þær Mary þóttu engin lömb að leika sér við í bardaga. Báðar voru 159  
til fara eins og karlmenn, þótt ekki sé alveg á hreinu hvort Anne þóttist 173  
beinlínis vera karlmaður, líkt og Mary Read gerði lengst af.



1. Í hvaða landi fæddist Anne og í hvaða landi ólst hún upp?
2. Hvað áttu þær Anne Bonny og Mary Read sameiginlegt?

## Anne Bonny og Calico Jack 2

Ekki varð ferill Anne sem sjóræningi langur og heldur ekki sérlega glæstur.	12
Calico Jack var enginn stórkarl í sjóránabransanum og sjálfsagt myndu fáir muna eftir honum ef hann hefði ekki verið með þær Mary Read og Anne Bonny á skipi sínu. Hann var upprunninn í Englandi og fyrir utan samband sitt við Anne Bonny er hann frægastur fyrir að hafa hannað þekktustu útgáfuna af sjóræningjafána, en hún er jafnan kölluð <i>Jolly Roger</i> á ensku.	23 37 50 62 74
Calico Jack varð sjóræningjaforingi með þeim hætti að hann var í áhöfn hjá sjóræningjaskipstjóra sem neitaði að ráðast á breskt herskip sem var miklu stærra en skip sjóræningjanna. Þá stýrði Calico Jack uppreisn gegn honum og varð sjálfur skipstjóri.	87 98 109 113
Eftir að Anne og Calico kynntust urðu þau fljótlega elskendur. Þá dró Bonny, eiginmaður Anne, hana fyrir landstjórann á eyjunni og krafðist þess að hún yrði hýdd fyrir framhjáhald, sem var ólöglegt. Calico bauðst þá til að „kaupa“ Anne en með þeim hætti skildi hún strax við Bonny og væri þá ekki lengur sek um lögbrot. Þótt Anne myndi þannig sleppa við hýðinguna neitaði hún að fara þessa leið, þar sem hún vildi ekki láta „selja sig eins og dýr“. Ekki kom samt til þess að Anne yrði hýdd þar sem þau stungu af til sjós.	125 135 147 162 175 189 205



1. Fyrir hvað er Calico Jack helst þekktur annað en að hafa verið með Anne Bonny?
2. Fyrir hvað vildi fyrri eiginmaður Anne Bonny láta hýða hana?

## Anne Bonny og Calico Jack 3

Bretar náðu að lokum sjóræningjunum og Anne var sett í fangelsi á	12
Jamaíku. Hún var sársvekt út í Jack og hina sjóræningjana fyrir að hafa	25
ekki varist Bretum þegar á þá var ráðist. Eftir að búið var að dæma alla	40
sjóræningjana til dauða fékk Jack að heimsækja Anne í fangelsið. Hún var	52
hin reiðasta og sagði við hann: „Ef þú hefðir barist eins og maður þyrftirðu	66
ekki að þola að vera hengdur eins og hundur.“ Anne var barnshafandi	78
þegar hún var dæmd til dauða og því var aftökunni frestað þar til hún	92
fæddi barnið. Svo virðist sem hún hafi hreinlega gufað upp úr fangelsinu	104
áður en barnið fæddist. Yfirleitt er talið að hinn auðugi faðir hennar hafi	117
keypt hana lausa úr fangelsinu eða hreinlega mútað fangavörðunum.	126
Þrátt fyrir fyrri misklíð þeirra hafi hann ekki getað hugsað sér að hún yrði	140
hengd sem sjóræningi. Í raun veit enginn hvað af henni varð en sögur	153
ganga um að hún hafi gift sig að nýju og lifað til hárrar elli sem virðuleg gift	170
kona annað hvort á Jamaíku eða í bresku nýlendunum í Norður-Ameríku.	



1. Hvers vegna var Anne ekki tekin af lífi eftir að hafa verið dæmd til dauða?
2. Hvernig er talið að Anne hafi sloppið úr fangelsinu?



## Henry Every 1

Henry Every er mjög óvenjulegur meðal sjóræningja fyrir þá sök að eftir stuttan en mjög ábatasaman feril lét hann sig hverfa með gífurleg auðæfi sem hann hafði aflað með sjóránnum og enginn veit hvað um hann varð.	12 24 37
Hann er oft kallaður sjóræningjakóngurinn af þessum sökum. Every fæddist líklega laust fyrir 1660 á Suður-Englandi. Hann fór ungur á sjóinn og var í breska flotanum um tíma. Einnig er sagt að hann hafi verið á þrælaskipum sem fluttu afríska þræla yfir Atlantshafið til nýlendna Evrópuþjóðanna í Ameríku. Árið 1693 var hann orðinn fyrsti stýrimaður á herskipinu Charles II er það lagði upp frá London til að herja á frönsk skip í Karíbahafi. Skipið var í raun gert út af Spánverjum sem voru þá í sjaldgæfu bandalagi við Breta gegn Frökkum. Þegar Spánverjar trössuðu að borga áhöfninni laun gerði skipshöfnin uppreisn undir forystu Every's. Hann og menn hans náðu skipinu á sitt vald, endurskírðu það Fancy og stefndu svo suður til Indlandshafs. Á leiðinni þangað rændi Every þrjú ensk skip og tvö dönsk og margir skipverjanna gengu til liðs við hann. Einnig rændi hann þó nokkrum Afríkumönnum og gerði að þrælum.	46 58 73 82 93 109 123 133 143 156 169 181



1. Á hvaða hátt var ferill Henry Every sem sjóræningi óvenjulegur?
2. Hvers vegna gerðu Every og skipshöfnin á Charles II uppreisn?

## Henry Every 2

Inni á Indlandshafi varð Every og mönnum hans enn vel til veiða. Fleiri	13
sjóræningjar komu til liðs við hann og að lokum stýrði Every sex skipa	26
flota. Flotinn sigldi norður til Jemen í lok ágúst 1696 og beið þar eftir að	41
skipafloti kæmi siglandi frá Arabíu á leið til Indlands, en það gerðist á	54
hverju ári. Indverski flotinn flutti fólk sem hafði verið í píligrímsferð til	66
helgistaðar múslima Mekka. Eins og Every og menn hans reiknuðu með	77
birtust indversku skipin á endanum. Þetta var tuttugu og fimm skipa	88
lest. Flest þeirra sluppu burt en í nokkra daga eltist Every við risavaxið	101
indverskt skip, hið vopnaða kaupskip Ganj-i-Sawai. Það var eitt stærsta	111
skip síns tíma, um sextán hundruð tonn, það hafði áttatíu fallbyssur og	123
um borð voru fjögur hundruð skyttur með riffla. Every um borð í Fancy	136
hafði aðeins fjörutíu og sex fallbyssur en sjóræningjarnir voru heppnir.	146
Kúla frá Fancy sprengdi upp eina af fallbyssum indverska skipsins og olli	158
miklu tjóni. Önnur kúla skaut aðalmastur Ganj-i-Sawai um koll. Þar með	169
náði skipið nærri engri ferð og sjóræningjarnir náðu að ráðast um borð og	182
sigruðust að lokum á öfluggu varnarliði Indverja.	



1. Eftir hverju biðu Every og floti hans við strendur Jemen?
2. Hvernig tókst Every og hans mönnum að sigra miklu stærra og betur vopnað skip?

## Henry Every 3

Því miður sýndu Every og hans menn Indverjunum enga miskunn. Í marga	12
daga léku þeir lausum hala um borð í indverska skipinu, drápu marga og	25
pyntuðu aðra til sagna um hvar eitthvað fémætt leyndist í skipinu. En Every	38
og menn hans höfðu heldur betur mikið upp úr krafsinu. Ganj-i-Sawai	49
var hlaðið fjársjóðum og sumir telja að verðmæti farmsins hafi numið	60
allt að tíu milljörðum íslenskra króna að verðmæti. Breska stjórnin	70
trylltist við fréttirnar þar sem hún hafði reynt að halda uppi góðum	82
samskiptum við Indverja. Indverjar lögðu líka mikið fé til höfuðs Every.	93
Mörg skip voru nú kvödd út til að elta hann uppi en Fancy náði að	108
lokum til Karíbahafsins með feng sinn. Þar slitu sjóræningarnir félagi sínu	119
og allir reyndu að komast undan með sem mest þeir máttu. Tuttugu og	132
fjórir þeirra náðust að lokum og voru hengdir en Every, sem hafði stungið	145
stórum hluta fjársjóðsins í eigin vasa, sást aldrei framar.	154
Nafn Everys er oft skrifað Avery. Hann var líka stundum kallaður	165
Benjamin Bridgeman en af félögum sínum um borð í Fancy var hann	177
oftast nefndur Long Ben, svo væntanlega hefur hann verið hávaxinn.	



1. Hvað gerðu Every og menn hans sem breska stjórnin var ósátt við?
2. Hver urðu örlög Every og manna hans?

## Henry Every 4

Eftir árás Every's á indverska skipið var feng sjóræningjanna skipt milli	11
áhafnarinnar. Óbreyttir skipverjar fengu þúsund pund. Þótt erfitt sé að	21
bera saman peninga nútímans annars vegar og peninga á sautjándu öld	32
hins vegar hafa menn þó reiknað út að þessi upphæð samsvari nokkurn	44
vegin launum venjulegs daglaunamanns í áttatíu ár. Margar getgátur eru	54
uppi um hvað varð um Every. Flestar ganga út á að hann hafi komið sér	69
einhvers staðar þægilega fyrir með sín miklu auðævi og lifað til elliáranna	81
undir dulnefni, annað hvort á Írlandi, Bretlandi eða á meginlandi Ameríku.	92
Svo mikið er víst að næstu ár og áratugi gengu fjölmargir ungir menn til	106
sjórána í von um að geta endurtekið afrek Every's og nælt sér í gífurlegt	120
ríkidæmi á skömmum tíma. Ein saga hermir þó að hann hafi að lokum	133
sjálfur verið rændur öllum verðmætunum af auðugum landeigendum. Til	142
þeirra hafi hann leitað til að fá þá til að hjálpa sér að koma fjársjóðnum í	158
umferð, en þeir hafi stolið öllu saman og að lokum hafi hann dáið fátækur	172
betlari sem átti ekki fyrir eigin útför.	



1. Hvað telja flestir að hafi orðið um Every?
2. Hvað segir ein sagan að hafi orðið um Every?

## Svartskeggur 1

Svartskeggur er einn frægasti sjóræningi sögunnar og um hann hafa gengið	11
hræðilegar sögur öldum saman. Hann á að hafa verið einn sá grimmast og	24
blóðþyrstasti sem um getur. Sannleikurinn er þó sá að Svartskeggur var í	36
rauninni meiri áróðursmaður en grimmdarseggur. Hann lagði mikið upp úr	46
því að ganga til bardaga sem allra mikilúðlegastur í útliti. Þar hjálpaði	58
gríðarmikið og sítt kolsvart skeggið til. Til að auka enn áhrifin festi	70
Svartskeggur gjarnan púðurkerlingar og smáblys við hatt sinn og kveikti í	81
þegar hann réðst til uppgöngu á kaupskip sem hann ágirtist. Áhafnir	92
þeirra urðu skelfingu lostnar og héldu að þarna væri djöfullinn sjálfur á	104
ferð. Sömuleiðis fléttaði sjóræninginn skegg sitt stundum og batt litríka	114
borða um flétturarnar til að gera sig svakalegri útlits. Ferill Svartskeggs var	126
styttri en frægð hans gefur tilefni til að halda. Fátt er vitað um ævi hans	141
framan af. Hann er talinn hafa fæðst um 1680 á Englandi og sjálfur nefndi	155
hann sig yfirleitt Edward Teach en ólíklegt er að það hafi verið hans rétta	169
nafn.	



1. Hvernig lýsa flestar sögur Svartskeggi sjóræningja?
2. Hvað gerði Svartskeggur til að vera sem ógnvænlegastur í útliti?

## Svartskeggur 2

Vitað er að Svartskeggur kunni bæði að lesa og skrifa, sem alveg var undir	14
hælinn lagt hvort alþýðufólk kunni í þá daga, og allt framferði sýnir að	27
hann var greindur vel og útsjónarsamur. Um 1716 dúkkaði hann upp	38
meðal sjóræningja sem höfðu aðsetur á eyjunni New Providence, einni	48
Bahamaeyja, en þar hafði aldrei heyrst um lög eða rétt og sjóræningjar	60
höfðu hæli. Hann var þá næstráðandi hjá frægum sjóræningjaforingja,	69
Benjamin Hornigold. Sá vakti að lokum andúð manna sinna vegna þess að	81
hann vildi ekki ráðast á bresk skip og var Hornigold að lokum settur af og	96
Sam Bellamy valinn leiðtogi í staðinn. Svartskeggur gerðist þá sinn eiginn	107
herra og var brátt orðinn skipstjóri á sjóræningjaskipinu Queen Anne's	117
Revenge, sem var vel útbúið með fjörutíu fallbyssum. Á því rændi hann	129
nokkrum skipum og skipulagði svo hóp sjóræningjaskipa sem lögðust fyrir	139
utan borgina Charlestone í bresku nýlendunni Norður-Karólínu. Höfðu	147
sjóræningjar sig ekki á brott fyrir en þeim hafði verið borguð stór fjárhæð.	160
Nokkru síðar þáði Svartskeggur náðun frá breska kónginum og virðist hafa	171
ætlað að snúa við blaðinu.	



1. Hvað kunni Svartskeggur að gera sem ekki var sjálfsagður hlutur á þessum tíma?
2. Hvað bendir til þess að Svartskeggur hafi ekki ætlað sér að vera sjóræningi til frambúðar?

## Svartskeggur 3

En Svartskeggur var brátt kominn út á sjó til sjórána á ný. Þrátt fyrir	14
orðspor hans var hann í rauninni miskunnsamur við fanga sem hann tók	26
á kaupskipum sem hann rændi. Ekki er vitað til að hann hafi misþyrmt né	40
drepið nokkurn fanga – og slíkt var sjaldgæft. Landstjórinn í Virginíu,	50
annarri breskri nýlendu, gerði þá út leiðangur til að handsama hann undir	62
forystu Roberts Maynards. Við Ocraokeeyju réðst lið Maynards að skipinu	72
Adventure sem Svartskeggur stýrði þá. Sjóráningarnir brugðust hart við	81
og réðust um borð í skip Maynards, sem hét Janes. Í hörðum bardaga	94
mátti lengi vel ekki á milli sjá hvorir myndu sigra. Maynard og Svartskegg-	107
ur skutu hvor á annan og Svartskeggur braut síðan sverð Maynards með	118
sinni sveðju. En þá var hann umkringdur mönnum Maynards og að lokum	130
tókst einum þeirra að særa hann illa. Og réðust þá margir á hann í senn og	146
drápu hann. Menn Maynards stukku síðan um borð í Adventure og tókst	158
að koma í veg fyrir að sjóræninginn Svarti-Sesar, sem var einn af helstu	171
mönnum Svartskeggs, sprengdi skipið í loft upp.	



1. Hvað merkir að Svartskeggur hafi verið miskunnsamur við fanga sína?
2. Hvernig dó Svartskeggur sjóræningi?

## Christina Anna Skytte 1

Ekki stunduðu allir sjóræningjar sín sjórán í Karíbahafi eða á öðrum	11
heitum hafsvæðum. Árið 1657 hófu nokkrir ungir og vel stæðir Svíar sjórán	23
á Eystrasalti, að því er virðist eingöngu sér til skemmtunar. Þar á meðal var	37
hin fræga Christina Anna Skytte. Hún fæddist 1643 í Stokkhólmi. Skytte-	48
fólkið var aðalsfólk og margir merkir menn í Svíþjóð tilheyrðu ættinni.	59
Faðir Christinu var barón og landshöfðingi. Bróðir Christinu hét Gustaf	69
Adolf. Systkinin þóttu bæði vel gefin, snjöll og búin ýmsum hæfileikum.	80
En eitthvert óþol og þrá eftir spennu virðist hafa búið í þeim báðum,	93
því þau voru ekki orðin tvítug þegar þau fóru að leggja fyrir sig sjórán.	107
Ekki var það fjárskortur sem olli því að þau lögðu út á þessa braut, því	122
ættin var forrík. Hins vegar virðast ævintýralegar sögur um sjóræningja	132
í Suðurhöfum og ekki síður um víkinga fyrri tíma hafa villt þeim sýn.	145
Christina Anna og Gustaf Adolf leigðu sér að lokum hollenskt kaupfar og	157
á siglingu um Eystrasalt myrtu þau áhöfnina og gerðust síðan sjóræningjar	168
á Eystrasalti ásamt nokkrum félögum sínum. Þar á meðal var Gustaf Drake,	180
eiginmaður hinnar ungu Christinu. Þau sigldu út á hafið og réðust þar að	193
öðrum skipum og rændu þau.	



1. Í hvaða hafi stunduðu flestir sjóræningjar iðju sína?
2. Frá hvaða landi var Christina Anna Skytte?



## Christina Anna Skytte 2

Ekki var skip þeirra sérlega stórt og þau höfðu heldur ekki mannskap til að ráðast að verulega öflugum andstæðingum, en kaupmenn og aðrir á minni skipum og bátum máttu vara sig. Í fimm ár hélt unga fólkið úti sjóræningjaskipi sínu á laun. Það var gert út frá Blekinge en enginn mátti vita um þetta „aukastarf“ unga fólksins. Ekki er vitað nákvæmlega hve mörgum skipum þau rændu eða hve margir voru drepnir en hermt er að Christina Anna hafi ekki verið neinn eftirbátur bróður síns og eiginmannsins við grimmdarverkin. Einu sinni drápu þau einn af áhöfn sinni sem vildi snúa við blaðinu. Öðru sinni réðust þau til uppgöngu á skip eitt við Öland og myrtu alla áhöfnina, sjö manns. Farminn og eigur skipverja köstuðu þau eign sinni á.

Árið 1662 komst allt upp. Gustav Adolf var handtekinn og dæmdur til dauða. Hann var sagður hafa sýnt mikla iðrun áður en hann var tekinn af lífi. Móðir systkinanna dó úr harmi við tíðindin. Christina Anna iðraðist hins vegar aldrei. Hún lagði á flóttu ásamt eiginmanni sínum og komst til Danmerkur. Eftir nokkurra ára útlegð voru Christinu og eiginmanni hennar gefnar upp sakir. Hún sneri aftur til Svíþjóðar en dó aðeins þrjátíu og fjögurra ára.



1. Hverjir þurftu helst að vara sig á Christinu og félögum hennar?
2. Hvers vegna var Christina ekki hengd með bróður sínum?

## Bartholomew Roberts 1

Roberts er líklega einhver sigursælasti sjóræningi sögunnar, að minnsta	9
kosti ef miðað er við fjölda skipa sem hann og menn hans hertóku. Hann	23
var frá Wales og fæddist 1682. Árið 1719 var hann þriðji stýrimaður á skipi	37
sem flutti afríska þræla frá Vestur-Afríku til Ameríku. Út af Gullströndinni	48
svokölluðu, sem nú er ríkið Gana, var skipinu rænt af sjóræningja-	59
foringjanum Howell Davis og nokkrir úr áhöfninni voru neyddir til að ganga	70
til liðs við sjóræningjana. Davis var frá Wales eins og Roberts og kunni	83
strax að meta siglingahæfileika hans. Þegar Davis var drepinn nokkrum	93
vikum seinna kusu sjóræningjarnir Roberts sem foringja sinn. Hann er	103
sagður hafa verið tregur til en sagði að lokum að úr því hann væri neyddur	118
til að vera sjóræningi væri skárra að vera foringi en óbreyttur skipverji.	130
Ferill Roberts sem sjóræningi var lengi vel nær samfelld sigurganga. Upp	141
við Brasilíustrendur náði hann fyrstu skipunum sínum og græddi vel. Svo	152
flutti hann sig inn í Karíbahaf og þaðan til Nýfundnlands. Þar náði hann	165
meira en þrjátíu skipum sem lágu í höfn á tveimur stöðum. Roberts var	178
nú að verða víðfrægur fyrir sjórán sín og allar tilraunir yfirvalda til að hafa	192
hendur í hári hans mistókust.	



1. Hvernig stóð á því að Roberts gerðist sjóræningjaforingi?
2. Hvernig gekk Roberts í sjóránunum?

## Bartholomew Roberts 2

Roberts var einfaldlega öllum snjallari. Einu sinni náði hann franska landstjóranum á Martinique sem var úti að sigla á stóru herskipi. Roberts dulbjó skip sitt sem kaupskip og náði að komast mjög nálægt herskipinu. Hann hóf svo óvænta skothríð og herskipið varð að gefast upp. Landstjórinn var hengdur af því að Roberts var honum reiður fyrir tilraunir Frakka til að hafa hendur í hári sínu.

Um mitt ár 1721 hafði Roberts truflað svo siglingar og skipaferðir í Karíbahafi að erfitt var að finna bráð þar. Hann flutti þá yfir til Afríku og rændi þar. Sem fyrr gekk honum vel og var á endanum kominn með þriggja skipa flota. Allt virtist ganga Roberts í haginn. Bretar höfðu hins vegar gert út stórt orrustuskip sem ætlað var að stöðva hann. Snemma að morgni 10. febrúar 1722 fann breska skipið HMS Swallow skip Roberts út af Lopez-höfða. Menn Roberts höfðu setið að sumbli kvöldið áður og fram á nótt til að fagna góðum árangri sínum og voru því lítt tilbúnir til bardaga. Ef þeir hefðu brugðist skjótar við er lítil vafi á að Roberts hefði komist undan. En í stuttum en snörpum bardaga féllu þrír sjóræningjar og þar á meðal var Bartholomew Roberts.



1. Hvernig fór Roberts að því að ná franska landstjóranum á Martinique?
2. Hver er aðalástæðan fyrir því að Bretum tókst að ná Roberts og áhöfn hans?

## Bartholomew Roberts 3

Í reglum Roberts var kveðið á um jafnrétti milli sjóræningjanna. Flest allir	12
í áhöfninni fengu einn hlut af herfangi, nema skipstjórinn og fyrsti	23
stýrimaður sem fengu tvo hluta, bátsmaðurinn og yfirskyttan einn og	33
hálfan og deildarforingjar einn hlut og einn tíunda. Ef einhver tæki meira	45
en honum bar úr herfangi skyldi sá hinn sami skilinn eftir. Ef einhver gerðist	59
sekur um að stela frá félögum sínum skyldu nef eða eyru skorin af	72
viðkomandi. Þá var í reglunum skýrt kveðið á um að öll ljós skyldu slökkt	86
eigi síðar en klukkan átta á kvöldin og fjárhættuspil af öllu tagi bannað. Þá	100
var stranglega bannað að hafa konur um borð og dauðarefsing lá við því að	114
dulbúa konu og flytja hana út í sjóræningjaskipið. Hver sá sem örkumlaðist	126
við skyldustörf eða missti útlím og yrði að hætta sjóránnum skyldi leystur	138
frá starfi með átta hundruð silfurpeningum. Roberts var að mörgu leyti	149
frábrugðinn öðrum sjóræningjum. Til dæmis var hann ekki mikið fyrir	159
áfengi, en þeir voru margir frægir fyrir fyllerí. Roberts vildi miklu frekar	171
sötra te en rommið, sem varð eins konar hirðdrykkur sjóræningja um	182
þetta leyti.	



1. Hvað átti að gera við sjóræningja sem tóku meira af herfangi en þeim bar eða stálu frá félögum sínum?
2. Að hvaða leyti var Roberts óvenjulegur sjóræningi?

## Sam Bellamy 1

Samuel Bellamy fæddist á Englandi 1689 en hélt til Ameríku rétt upp úr	13
tvítugu að leita sér lífsviðurværis. Hann átti þá konu og barn á Englandi en	27
heillaðist af ungri stúlku á Nýja-Englandi. Foreldrar hennar lögðust gegn	37
sambandi þeirra og fór hann í fjársjóðsleit til Flórída. Leitin skilaði litlum	49
árangri en Bellamy gekk til liðs við sjóræningja og sigldi um skeið með	62
sjóræningjaforingjanum Benjamin Hornigold, en fyrsti stýrimaður hans	69
var enginn annar en Edward Teach eða Svartskeggur. Árið 1716 setti	80
áhöfnin Hornigold af þar sem hann var tregur til að ráðast gegn enskum	93
skipum. Hornigold, Svartskeggur og fylgismenn þeirra voru þá settir í land	104
en Bellamy var valinn skipstjóri. Hann stýrði sjóræningunum með svo	114
góðum árangri að á tæpu ári eru þeir sagðir hafa tekið fimmtíu skip. En	128
Bellamy vann sér ekki aðeins orðstír fyrir kænsku og dirfsku við sjóránin,	140
heldur líka mildi við fanga sína. Menn hans kölluðu hann oft Hróa hött,	153
svo líkur þótti hann hinum göfuga útlagaforingja í Skírisskógi. Ekki er vitað	165
til að Bellamy hafi gefið fátækum neitt af þeim mikla feng sem hann aflaði	179
en Bellamy er frægastur fyrir að enginn annar sjóræningi hefur rænt meiri	191
auðæfum en hann.	



1. Hvernig tengdust Bellamy og Svartskeggur?
2. Fyrir hvað er Bellamy frægastur sem sjóræningi?

## Sam Bellamy 2

Þá var Bellamy líka frægur fyrir að vera snyrtipinni og ætíð óaðfínanlega klæddur, oftast í svörtu. Og hann batt sítt og svart hár sitt í tagl en bar ekki hárkollu eins og þá var í tísku að mikilsháttar menn gerðu. Vegna svarta hársins var hann kallaður Svarti Sam Bellamy. Í bók um helstu sjóræningjaforingjana, sem sumir telja að Daniel Defoe, höfundur Robinson Krúsó, hafi skrifað segir um Bellamy að hann hafi einhverju sinni boðið skipstjóra á herteknu skipi að ganga til liðs við sjóræningjana, en skipstjórinn svaraði honum að samviska sín bannaði sér að ganga þannig gegn lögum guðs og manna. Þá svaraði Bellamy: „Þú ert ljóti samviskuþrællinn en ég er frjáls prins og hef jafn mikinn rétt til að fara með stríði á hendur öllum heiminum og sá prins sem á hundrað herskip á sjó og hundrað þúsund dáta á vígvelli, og þetta segir samviskan mér. En það þýðir ekki að tala við svona vælandi hvolpa sem láta húsbóndann sparka sér um dekkið ef honum þóknast.“	12 29 42 53 61 73 84 95 107 121 134 147 160 167
Eftir tæpt ár við stjórnvölinn hugðist Bellamy heimsækja kærustu sína á Þorskhöfða í Massachusetts en skip hans fórst í óveðri og Bellamy drukknaði ásamt nærri allri áhöfn sinni. Aðeins tveir komust lífs af og voru þeir báðir hengdir.	177 189 202



1. Hvað merkir það sem Bellamy sagði við hertekna skipstjórnann og er skáletrað í textanum?
2. Hvernig dó Sam Bellamy?